

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 5	Dagsetning	5. maí 2020	Tími	12:00 – 13:00
Fundarstaður	TEAMS fundur			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	KS			
Á fundinum voru:	Árni Bragason (ÁB), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH) og Dagrún Hálfánardóttir (DH) framkvæmdastjóri félagsins.			
Fjarverandi				
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	DH			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 5. maí 2020

1. Fundargerð 21. apríl 2020

Fundargerð fundar stjórnar þann 21. apríl 2020 samþykkt.

2. Aðalfundur 19. maí 2020

1. Setning fundar, kjör fundarstjóra og fundarritara

Verið hefð fyrir því að nýir forstöðumenn taki að sér fundarstjórn. Ákveðið að MH setji sig í samband við þjóðleikhússtjóra. Ritari stjórnar verður fundarritari (KS) með aðstoð DH.

2. Skýrsla stjórnar

Ársskýslan er í yfirllestri. Drög að ársskýrslu verða send til stjórnar fljótlega til yfirllestrar og samþykkis.

3. Endurskoðaðir reikningar

Ákveðið að fráfarandi framkvæmdastjóri undirriti reikninga félagsins fyrir árið. Gjaldkeri mun leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og fara yfir.

4. Lagabreytingar

Ekki talið aðkallandi að breyta lögum félagsins að svo stöddu. Engar lagabreytingar því lagðar fyrir aðalfund í ár.

5. Stjórnarkjör

Kjörnefnd stýrir kosningum um stjórnarmenn. Kjósa á þrjá meðstjórnendur á næsta aðalfundi. Halldór Ó. Sigurðsson og Ársæll Guðmundsson hætta í stjórn. Harpa Þórsdóttir hefur nú þegar skilað inn framboði til áframhaldandi stjórnarsetu. Ákjósanlegt að samsetning stjórnar sé í jafnvægi, svo sem m.t.t. úr hvaða ráðuneytum stjórnarmenn koma. DH á fund með kjörnefnd í vikunni.

6. *Kosning kjörnefndar og endurskoðenda*

Athuga með framboð til setu í kjörnefnd. DH mun kanna hvort núverandi endurskoðendur og varamenn gefi kost á sér áfram.

7. *Árgjald félagsmanna*

Tillaga stjórnar verður að halda árgjöldum óbreyttum

8. *Önnur atriði*

Skráning á fundinn

Ákveðið að senda fundarboð með dagskrá aðalfundar og óska eftir staðfestingu á því hvort félagsmenn hyggist mæta á Grand Hótel.

Fundarsalur og hádegisverður

Ákveðið að setja ekki upp sölusíðu vegna hádegisverðs á aðalfundi. Þótti aðeins of mikið vesen í fyrra þar sem fólk þurfti að borga fyrirfram og mæta svo með kvittunina. Eigum annars vegar kost á að fara í salinn *Setur* sem tekur 25 manns að teknu tilliti til tveggja metra reglunnar og hins vegar *Gullteig* sem tekur 60 manns (tveggja metra reglan). Ákveðum þegar nær dregur m.t.t. þess fjölda sem boðar komu sína.

Streymið

DH kannar fyrirkomulagið með streymið, þ.e. hvenær slóðin verður send, hvernig og hvort unnt sé að taka á móti spurningum í gegnum streymið og þá hvort aukakostnaður fylgi því.

Að lokum

Í stað þess að prenta ársskýrluna og ársreikninginn út er ákveðið að senda þetta í tölvupósti/birta á heimasíðu.

3. Önnur mál

a. Fjölmiðlanámskeið

Nú eru 11 manns á biðlista. Andrés hjá Góðum samskiptum hefur samþykkt að taka þá alla inn í næstu umferð. Eftir er að finna dagsetningar en fyrirhugað að halda námskeiðið fyrir sumarið. DH kannar stöðuna. Jafnframt er líklegt að auðvelt verði að fylla eitt til tvö námskeið í haust. Þá stingur Andrés upp á að hafa nokkurs konar „reunion“ þátttakenda í haust.

b. Heimasíðan

Hugmyndir hafa verið ræddar um að hanna heimasíðuna þannig að hún sé að hluta til lokuð svo unnt sé að veita efni beint til félagsmanna með innskráningu. Rætt betur síðar.

c. Kveðjuhóf fyrir fráfarandi framkvæmdastjóra

Stefnt að því að halda slíkt í maí.